



1. útgáfa 29.07.2014

# Öryggisblað (MSDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 750/2008

## 1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

- 1.1 Vörukenni:** **BLUEPOWER**  
**Vörunúmer:** -
- 1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:**  
**Viðeigandi notkun** Dregur úr magni nituroxíða (NOx) í útblæstri dísilvéla  
**Notkun sem ráðið er frá** Notið ekki í öðrum tilgangi nema skv. ráði sérfræðinga.
- 1.3 Söluaðili:** **N1** **Framleiðandi:** North Sea Lubricants B.V.  
Dalvegur 10-14 Loenhorst 25  
201 Kópavogur 2402 LV Alphen aan de Rijn  
Holland  
**Sími:** 535 9000 **00-31-651345369**  
**Netfang:** [n1@n1.is](mailto:n1@n1.is) **[support@northsealubricants.com](mailto:support@northsealubricants.com)**  
**Veffang:** [www.n1.is](http://www.n1.is) **[www.northsealubricants.com](http://www.northsealubricants.com)**
- 1.4 Neyðarsímanúmer:** Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

## 2. Hættugreining

- 2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:**  
**Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):**  
Varan uppfyllir ekki viðmið laga EB um flokkun.  
**Flokkun skv. tilskipunum EB 67/548 og 1990/45 (með síðari breytingum). (Ísl. reglugerð 236/1990 með síðari breytingum):**  
Varan flokkast ekki sem hættuleg heilsu.
- 2.2 Merkingaratriði:**  
**Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):**  
**Hættutákn** Engin.  
**Hættusetningar**  
**Varnaðarsetningar** Engar.  
**Merking skv. tilskipunum EB 67/548 og 1990/45 (með síðari breytingum). (Ísl. reglugerð 236/1990 með síðari breytingum):**  
**Varnaðarmerki** Engin.
- 2.3 Aðrar hættur:** Engar við venjulega notkun og skilyrði.  
*Sjá einnig 11. og 15. lið.*

## 3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

- 3.1 Efni:** Á ekki við

### 3.2 Blöndur:

Lausn þvagefnis (urea) í vatni.

Vatn			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	67,5
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	231-791-2	H-setningar	-
CAS	7732-18-5	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
-			

Þvagefni (urea)			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	32,5
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	200-315-5	H-setningar	-
CAS	57-13-6	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
-			

#### Annað:

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

## 4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

### 4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Innöndun	Tryggið ferskt loft. Leitið lækni eða eitrunarmiðstöðvar við vanlíðan.
Snerting við húð	Hreinsið húð með sápu og vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó og hreinsið áður en notkun hefst að nýju. Leitið lækni ef erting myndast.
Snerting við augu	Skolið strax með miklu vatni í a.m.k. 15. mín. og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolon. Leitið lækni ef erting myndast.
Inntaka	Gefið strax 0,5L vatns (aðeins ef hinn slasaði er með fullri meðvitund) og framkallið strax uppköst. Leitið lækni og sýnið merkingar á umbúðum.

### 4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Ekki er gert ráð fyrir seinkuðum einkennum, sé rétt neyðarhjálp veitt strax.

### 4.3 Upplýsingar um tafarlausa lækniúmmönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Sprautist varan við háan þrýsting undir húð, ætti að senda hinn slasaða strax á neyðar-móttöku, þótt einkenna hafi ekki orðið vart.

## 5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

### 5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður:	Koldíoxíð, froða, slökkviduft, sandur, kælið umbúðir með vatnsúða.
Óhentugur slökkvibúnaður:	Beinn vatnsgeisli, getur orsakað slettur og dreift eldi.

### 5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við bruna myndast eittraðar og daunillar gufur.

### 5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

## 6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysn

### 6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Reykið ekki. Forðist innöndun gufu. Rýmið mengað svæði. Notið viðeigandi persónuhlífar. Sjá liði 5 og 8.

### 6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka og dreifingu með byggingu varnargarða. Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.

### 6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Notið ísogsefni svo sem sand eða jarðveg. Setjið í þar til gerð vel merkt og lokuð ílát og fargið sbr. 13.lið.

6.4 Tilvísun í aðra liði: Sjá liði 8. og 13.

---

## 7. Meðhöndlun og geymsla

---

### 7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun gufu. Reykið ekki. Geymið fjarri háu hitastigi og eld- og neistagjöfum. Tæmdar umbúðir geta innihaldið efnaleifar. Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið viðeigandi persónuhlífar, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

### 7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Geymið fjarri, beinu sólarljósi, háu hitastigi, eld- og neistagjöfum. Geymsluhitastig: 0-25°C.

### 7.3 Sértek, endanleg notkun:

Liggur ekki fyrir.

---

## 8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

---

### 8.1 Takmörkunarfæribreytur:

#### 8.2 Váhrifavarnir:

##### Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið.

##### Persónuhlífar

Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnaskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

##### Augnhlífar

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn (EN 166).

##### Húð - hendur

Notið viðeigandi, efnaþolna hlífðarhanska úr neópren eða gúmmíi. (EN 374).

Skiptið oft um hanska við vinnu með vöruna.

##### Húð - annað

Mælt er með notkun efnahelds langerma vinnufatnaðar (EN 465, EN 466, EN 467).

Notið ekki skófatnað með leðursólum.

##### Öndunarfæri

Sé loftræsting ófullnægjandi, eða fari styrkur yfir við miðunarmörk, notið viðurkennda öndunargrímu með síu (EN 149).

---

## 9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

---

### 9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi
Lykt:	Ammóníak
Litur:	Litlaus
pH:	9,8-10,0 (10% í vatni)
Bræðslumark:	-11,5°C
Gufuþrýstingur (40°C):	6,4 kPa
Eðlismassi (20°C):	1,09 g/cm <sup>3</sup>
Leysni í vatni:	Leysanlegt
Hitaniðurbrotsmark:	100°C

### 9.2 Aðrar upplýsingar:

---

## 10. Stöðugleiki og hvarfgirni

---

### 10.1 Hvarfgirni:

Upplýsingar liggja ekki fyrir.

### 10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

### 10.3 Möguleiki á hættulegu efnavarfi:

Engin við venjulegar notkunaraðstæður.

### 10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Opinn eldur og aðrir hitagjafir.

### 10.5 Ósamrýmanleg efni:

Stekir oxarar.

### 10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna geta myndast eittraðar gufur.

---

## 11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

---

### 11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Innöndun	Ekki er gert ráð fyrir miklum eiturhrifum við venjulega notkun.
Snerting við húð	Ekki er gert ráð fyrir miklum eiturhrifum við venjulega notkun.
Snerting við augu	Ekki er gert ráð fyrir miklum eiturhrifum við venjulega notkun.
Inntaka	Ekki er gert ráð fyrir miklum eiturhrifum við venjulega notkun.
Erting	Ekki er gert ráð fyrir að erting myndist.
Æting	Ekki þekkt.
Næming	Ekki þekkt.
Krabbamein	Engin áhrif þekkt.
Stökkbreytingar	Engin áhrif þekkt.
Eitrun æxlunarfæra	Ekki þekkt.
Langvinn áhrif	Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi. Ekki er gert ráð fyrir seinkuðum einkennum, sé rétt neyðarhjálp veitt strax.

---

## 12. Vistfræðilegar upplýsingar

---

### 12.1 Eiturhrif:

Þrávirkni og niðurbrot	Brotnar niður í lífverum.
Uppsöfnun í lífverum	Engar vísbendingar fyrirbyggjandi.
Dreifanleiki í jarðvegi	Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.

---

## 13. Förgun

---

### 13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara	Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Hellið ekki í niðurföll. Skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og úrgang er varan í eftirfarandi flokk(um): 07 06 99 (úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti)
Óhreinar umbúðir	Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. 15 01 10 (umbúðir sem innihalda leifar hættulegra efna eða eru mengaðar af þeim)

---

## 14. Upplýsingar um flutninga

---

ADR:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.
IATA:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.
IMDG:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

---

## 15. Upplýsingar varðandi regluverk

---

### 15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), 67/548 EB (DSD), 1999/45 EB (DPD). 2004/42 .  
Íslenskar reglugerðir 236/1990 og 866/210.

### 15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

---

## 16. Aðrar upplýsingar

---

Varan er skráð hjá Eitrunarmiðstöð LSH.

### Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

Engar.

Útgáfa: 1  
Dags: 29.07.2014

Öryggisblað þetta er unnið af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi. Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda. Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: **NORTH SEA LUBRICANTS B.V.**  
**MATERIAL SAFETY DATA SHEET**  
**BLUEPOWER (7422)**

Útgáfa: 29.10.2011  
Kemur í stað: 13.10.2010